



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um áfengisveitingar á íþróttaviðburðum. Flutningsaðili: ÍBR og ÍRB

77. Íþróttathing ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél samþykkir að ÍSÍ:

1. Taki forystu í að móta samræmdar reglur og stefnu um áfengisveitingar á íþróttaviðburðum, í samvinnu við aðildarfélög, lýðheilsuyfirvöld og önnur viðeigandi stjórnvöld.
2. Leiði formlegt samtal við til þess bæra aðila, þar á meðal íþróttafélög, sveitarfélög, embætti landlæknis og lögreglu, með það að markmiði að finna jafnvægi milli fjáröflunar og samfélagslegrar ábyrgðar.
3. Unnið verði að því að draga úr sýnileika og aðgengi að áfengi á íþróttaviðburðum, sérstaklega þar sem börn og fjölskyldur eru viðstödd, til að gæta lýðheilsusjónarmiða og styrkja jákvæða ímynd íþróttahreyfingarinnar.

Greinargerð:

Á undanförunum árum er víða farið að selja áfengi á íþróttaviðburðum og þá sérstaklega keppnisleikjum hjá meistaraflokkum karla og kvenna. Er hér að hluta til um erlend áhrif að ræða en einnig sem viðbót sem auki aðsókn og stemmingu.

Áfengissala á íþróttaviðburðum getur verið mikilvægt fjáröflunarúrræði fyrir íþróttafélög, en á sama tíma veltir það upp spurningum um ábyrgð, áhrif á ímynd íþróttahreyfingarinnar og síðast en ekki síst áhrif á lýðheilsu.

Mikilvægt er að um slíka sölu séu til skýrar reglur um aðskilnað milli veitingarýma þar sem börn og ungmenni eru og jafnframt að tryggt sé að allar reglur og lög um leyfi og aðbúnað séu uppfyllt að öllu leyti.

Í dag ríkir mikið misræmi í framkvæmd og viðhorfum. Þetta hefur skapað aðstæður sem má lýsa sem „villta vestrinu“, þar sem skortur er á leiðbeiningum, samræmdum viðmiðum eða stefnu frá ÍSÍ.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar